

á að sitja fund ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi aðal- og varamenn í framkvæmdanefnd. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál sem ekki þykir færð að fresta til fundar Framleiðsluráðs. Jafnframt getur ráðið falið framkvæmdanefnd framkvæmd einstakra mála.

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslíð eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Við löginn bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

H.

Skipa skal í nýtt Framleiðsluráð skv. 5. gr. laganna að afstöðnu fyrsta þingi nýrra heildarsamtaka bænda. Skal nýskipað Framleiðsluráð taka þegar til starfa og fellur þá jafnframt niður umboð þeirra manna sem nú skipa ráðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 16.139.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða til verkefna utan Norðurlanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.